

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps, verslunar- og þjónustusvæði.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 29. september 2015 breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028, sem samþykkt var í sveitarstjórn Mýrdalshrepps 20. ágúst 2015.

Í breytingunni er bætt við verslunar- og þjónustusvæðum, vegna gisti- og ferðaþjónustu, á átta jörðum. Stærð svæðanna er frá 0,3 ha og upp í 2,5.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 29. september 2015.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 13. október 2015